

FUNDARGERÐ

163. fundar fræðslunefndar Mýrdalshrepps.

Fundarstaður: Skrifstofa Mýrdalshrepps.

Fundartími: Þriðjudagur 19. nóvember 2009 kl. 16:00.

Mættir: Undirritaðir aðalmenn og varamenn fræðslunefndar.

Ritari fundarins: Sveinn Pálsson

Varaformaður, Inger Schiöth setti fund og stjórnaði í fjarveru Þorgerðar Einarsdóttur.

Gerðir fundarins:

Á fundinn er mættur Magnús Sæmundsson skólastjóri.

I. Leikskólinn:

Á fundinn er mætt Sigrún Jónsdóttir fulltrúi foreldra. Halla Ólafsdóttir deildarstjóri boðar forföll.

1. Niðurstöður sjálfsmats - foreldrakönnun.

Magnús gerir grein fyrir niðurstöðum sjálfsmats meðal foreldra sem eru að mestu jákvæðar fyrir leikskólann. Niðurstöðurnar voru kynntar á foreldrafundi 12. nóvember s.l.

2. Sjálfsmat – form starfsmannakönnunnar.

Magnús kynnir form starfsmannakönnunnar – niðurstöður munu liggja fyrir á næsta fundi.

3. Bréf deildarstjóra varðandi starfsmannafundi.

Deildarstjóri óskar eftir að aftur verði komið á mánaðarlegum starfsmannafundum sem felldir voru niður í sparnaðarskyni fyrir ári síðan. Nefndin tekur jákvætt í erindið og leggur til að fjallað verði um að við gerð fjárhagsáætlunar.

4. Fjárhagsáætlun 2010 - drög.

Sveinn og Magnús gera grein fyrir stöðu mála. Í leikskóla er gert ráð fyrir 30 börnum, 6,65 stöðugildum auk einnar stöðu við sérstakan stuðning. Fjárhagsáætlun verður til síðari umræðu á desemberfundi.

Sigrún yfirgefur fundinn.

II. Tónskólinn.

Á fundinn er mættur Kristinn J. Níelsson deildarstjóri.

1. Sjálfsmat – form starfsmannakönnunnar, form nemendakönnunnar og form foreldarakönnunnar.

Magnús og Kristinn kynna formin. Gert er ráð fyrir að niðurstöður liggi fyrir á næsta fundi.

2. Fjárhagsáætlun 2010 - drög.

Sveinn, Magnús og Kristinn fara yfir drögin. Gert er ráð fyrir 2 stöðugildum við skólann eins og verið hefur. Fjárhagsáætlun verður til síðari umræðu á desemberfundi.

3. Önnur mál.

Kristinn gerir grein fyrir verkefnum sem hann hefur sinnt ásamt nemendum utan skólatíma. Spilað hefur verið fyrir Söngskóla Reykjavíkur, við opnun Safnahelgi Suðurlands á Skógum, við dagskrá Safnahelgar í Brydebúð og Halldórskaffi svo eitthvað sé nefnt. Nefndin þakkar starfsmönnum og nemendum þetta framlag þeirra til samfélagsins.

Kristinn yfirgefur fundinn.

III. Grunnskólinn.

Á fundinn er mætt Anna Björnsdóttir deildarstjóri grunnskólans. Fulltrúar foreldra og kennara boðuðu forföll.

1. Sjálfsmat – niðurstöður foreldrakönnunnar.

Magnús kynnir niður sjálfsmats meðal foreldra sem eru jákvæðar fyrir grunnskólann. Niðurstöðurnar voru kynntar á foreldrafundi 12. nóvember s.l.

2. Sjálfsmat – form starfsmanna- og nemendakönnunnar.

Magnús kynnir formin – niðurstöður munu liggja fyrir á næsta fundi.

3. Skólanámsskrá, námshluti.

Anna kynnir námsskránnu. Fræðslunefnd samþykkir námsskránnu fyrir sitt leyti.

4. Bréf FSu dags. 6. nóvember 2009.

Með bréfinu er upplýst að framhaldsskólarnir munu ekki fá fjármagn frá næstu áramótum til kennslu grunnskólanema sem eru í framhaldsskólaáföngum. Stjórnendur FSu vilja bjóða grunnskólanemendum í 10. bekk upp á möguleika á að stunda námið áfram með því fyrirkomulagi að grunnskólarnir ráði kennara til að sinna kennslunni í samráði við FSu og beri kostnað af starfi grunnskólakennarana.

Fræðslunefnd mótmælir ákvörðun menntamálaráðherra um að fella niður fjárveitingu til þessa verkefnis og telur að hún sé til þess fallinn að auka enn misrétti milli þéttbýlis og dreifbýlis auk þess sem hún sé ekki samræmi við 26. gr. grunnskólalaga sem segir að grunnskólanemendur eigi rétt til að stunda nám í einstökum námsgreinum á framhaldsskólastigi meðan þeir eru enn í grunnskóla.

Magnús tekur að sér að skoða málið áfram.

5. Framhaldsnám – bréf SASS og FSu til menntamálaráðherra.

Í bréfi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, SASS er kynnt ályktun Árspings SASS þar sem hvatt er til að átak verði gert í að efla staðbundið framhaldsnám í Rangárvalla- og Skaftafellssýslu og kannaðir verði möguleikar á útibúi frá framhaldsskólum á Suðurlandi. Í bréfi Fjölbrautaskóla Suðurlands, FSu er gert grein fyrir samþykkt skólanefndar um að þess verði farið á leit við menntamálaráðherra að hann hlutist til að komið verði á stofn útibúi frá FSu í Rangárþingi.

Fræðslunefnd tekur undir sjónarmið um að efla staðbundið framhaldsnám á þéttbýlisstöðum á Suðurlandi á þá gjarna í tengslum við grunnskólana.

6. Bréf KÍ og SÍS dags. 23. október 2009.

Með bréfinu hvetja Kennarasamband Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga skóla og sveitarfélög til að hagnýta nýlegar rannsóknarniðurstöður í skólastarfi.

Lagt fram til kynningar.

7. Fjárhagsáætlun 2010, drög.

Sveinn og Magnús fara yfir drögin. Gert er ráð fyrir að úthlutaðir tíma verði 235 þar af um 30 vegna sérkennslu. Stöðugildi kennara eru 9,9 og stöðugildi annarra starfsmanna 4,8. Fjárhagsáætlun verður til síðari umræðu á desemberfundi.

IV. Almennt

1. Ungt fólk 2009 – bréf Rannsóknna og greiningar.

Lagt fram til kynningar.

2. Tillögur um nafn á skólann.

Skólastjóri auglýsti eftir nöfnum á sameinaða skólastofnun og á 162. fundi var skólastjóra og deildarstjórum falið að velja þrjár tillögur og leggja fyrir næsta fund fræðslunefndar.

Fyrir liggja þær 4 tillögur sem oftast voru komu fyrir, Víkurskóli, Barnaskólinn Vík, Mýrdalsskóli og Menntaskóli Mýrdalshrepps.

Nefndin er sammála um að velja nafnið Víkurskóli.

3. Fyrirkomulag fundar.

Nefndin samþykkti að frá og með næsta fundi verði fundinum ekki formlega skipt milli leik,- grunn- og tónskóla.

Anna og Magnús yfirgefa fundinn.

Fundi slitið kl.18:47

Inger Schiöth Varaformaður	Guðný Sigurðardóttir	Andrína G. Erlingsdóttir
Sveinn Pálsson		Lára Oddsteinsdóttir